

Ed.

255. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

32. gr. nefndra laga orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur

hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett i þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samfleytt búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, þó ekki skemur en 5 ár, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

33. gr. orðist þannig:

Nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt i fleiru en einu sveitarfjelagi, og á hann þá rjett til framfærslu i þeirri sveit einni, þar er hann dvaldi síðast. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.